

Vorkoman, Dagur umhverfisins, bjartasti tími ársins framundan - TÖKUM TIL HENDI OG HREINSUM OG FEGRUM UMHVERFI OKKAR!!

Vorið er komið. Hitastigið hækkar með hverjum degi, hver nýr dagur er lengri en gærdagurinn, farfuglarnir streyma á varpstöðvar og gróðurinn lifnar. Á hverju vori er þess minnst að 25. apríl er "Dagur umhverfisins". Mörg byggðarlög gera eitthvað til þess að minnast dagsins og þess hverju hann stendur fyrir. Það skulum við einnig gera eins og undanfarin ár. Segja má að dagurinn standi fyrir allt sem tengist varðveislu náttúrulegra verðmæta, en einnig er hann til þess að minna okkur á það, að við ráðum því að öllu leyti sjálf hversu aðlaðandi byggðarlög okkar eru. Dagurinn minnir okkur einnig á það, að við getum gert umhverfi okkar hlýlegt og fagurt með gróðursetningu plantna og umhirðu gróðurs á opnum svæðum og á lóðunum við húsin okkar.

Í hvernig byggðarlagi viljum við búa? Viljum við hafa ónýtt járnarusl, ryðgaða og beyglaða gáma, númerslausa bílagarma, uppsafnaðan úrgang úr atvinnurekstri og annan úrgang á mörgum áberandi stöðum um allan bæ? Flest okkar myndu efalaust segja nei umhugsunar-lítið. Hvers vegna sjáum við þá þessa sjón allt of víða? Hvers vegna eru til athafnalóðir sem minna á brotajárnshauga um allan bæ? Hvers vegna eru lóðir fyrirtækja, sem vilja laða okkur til viðskipta, eins og illa hirtar söfnunarstöðvar fyrir úrgang? Þessu er erfitt að svara fyrir þá sem berja þetta augum, en eigendur og umráðafólk viðkomandi fyrirtækja og lóða geta sjálfsagt skýrt þetta. Það eru einnig til fjölmargar lóðir og svæði sem þessar lýsingar eiga ekki við um. Fyrirtækis- og einkalóðir sem eru til hreinnar fyrirmýndar og geisla af góðri umhirðu, eru sem betur fer margar og eiga verðlaun skilið.

Já, við viljum ekki aðeins búa í aðlaðandi byggðarlagi, við krefjumst þess að allir leggist á eitt um að stuðla að fallettri og umhverfisvænni byggð. Þegar sagt er að allir verði að vera með, er átt við einstaklinga, fyrirtæki og stofnanir. Það vill stundum gleymast hjá opinberum stofnunum að þær eru hluti af ásýnd byggðarlaga og verða að skila sinni skyldu. Yfirmenn umhverfismála hjá Grundarfjarðarbæ hafa farið um og tekið myndir af stöðum sem skera sig úr fyrir sóðaskap og slæma umhirðu. Vel getur komið til greina að birta þessar myndir opinberlega og hvetja viðkomandi aðila til að þekkja sitt rusl. Sá sem yrði fljótastur að þekkja sína skömm, fengi að launum skoðunarferð um svæði þar sem eðlileg umgengni er í heiðri höfð. Nú gæti einhverjum fundist slíkar aðgerðir of harkalegar, og e.t.v. eru þær það. En í alvöru talað, það þarf að gera eitthvað í okkar bæ. Gott fólk! Við ætlum að taka á móti mörg þúsund manns sem sækja okkur heim á komandi sumrum og á bæjarhátíðina okkar og enn fleirum ætlum við að bjóða á unglingsmótum á næsta ári. Ætlum við að kynna bæinn okkar í því ástandi sem hann er nú?? NEI!!! Það getur þurft að taka á málum af nokkurri festu, en ef tilgangurinn næst, þ.e. hrein og falleg byggð, mun það færa okkur og gestum okkar mikla ánægju.

Aftur að Degi umhverfisins. Grundarfjarðarbær, grunnskólinn og leikskólinn munu brydda upp á ýmsum atburðum í tilefni dagsins. Hreinsunarkvika verður frá föstudegi (byrjar á Degi umhverfisins) til föstudags. Í hreinsunarkviku verður opnunartími gámasvæðis lengdur, áhaldahúsið mun aðstoða einstaklinga við að flytja stærri hluti til endurvinnslu eða förgunar og starfsmenn bæjarins munu hefja umhirðu gróðurs og opinna svæða fyrir sumarið. Kynnið ykkur auglýsingar og kynningar á heimasíðum og í vikublaðinu um atburði og verkefni í tengslum við Dag umhverfisins og hreinsunarkviku.

Gerum öll okkar besta og þá mun okkur farnast vel.

Með gróðurvænum umhverfiskveðjum,
Guðmundur Ingi Gunnlaugsson, bæjarstjóri.